

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 573/2005, um inntökuskilyrði í Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.

Fyrsti málslíður hljóðar svo:

Til að hefja nám við hugvísindadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi frá íslenskum framhaldsskóla eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla.

Þriðji málslíður er nýr, svohljóðandi:

Til að hefja nám til BA-prófs í íslensku fyrir erlenda stúdenta þarf stúdent enn fremur að standast lágmarkskröfur á stöðuprófi sem haldið er fyrir upphaf hvers skólaárs.

Þriðji málslíður verður 4. ml.

#### 2. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í hugvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 46. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 6. mars 2008.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*